BÁRAN
STÉTTARFÉLAG
STOFNAÐ
25. JÚNÍ 2002

Sumar 2016

Orlofsblað Bárunnar, stéttarfélags

Orlofsblað Bárunnar, stéttarfélags

Kæri félagsmaður,

Nú styttist í sumarfríið, upplagt að skipuleggja sumarfríið og láta draumana rætast. Kúpla sig út úr hinu venjulega umhverfi og njóta lífsins í orlofshúsi eða íbúð. Orlofssjóðurinn þinn býður upp á ýmsa möguleika til að njóta sumarsins. Í boði eru orlofshús við Flúðir og í Borgarfirði. Einnig ný íbúð á Akureyri (Ásatún 12) sem er rúmlega helmingi stærri en eldri íbúð félagsins. Á þjónustuskrifstofunni er hægt að kaupa gistimiða á Eddu og Fosshótel. Einnig eru útilegu- og veiðikortin vinsæl. Orlofskostir Bárunnar eru kynntir ítarlega í þessu blaði.

Athugið að íbúðin í Sóltúni í Reykjavík er í eigu sjúkrasjóðs Bárunnar. Íbúðin er ætluð félagsmönnum sem þurfa á að halda vegna veikinda. En íbúðin stendur öllum félagsmönnum til boða með þeim fyrirvara að þeir geta þurft að láta íbúðina af hendi vegna veikindatilvika. Meginreglan er sú að félagsmaður getur þurft að framselja íbúðina fram að síðasta hálfa mánuði fyrir fyrsta leigudag. Athugið íbúðin fer ekki í hefðbundna sumarúthlutun, fyrstur kemur fyrstur fær. Leigutímabil er sveigjanlegt (ekki vikuúthlutun).

Úthlutun

Punktastaða félagsmanna ræður úthlutun. Því fleiri punktar, þeim mun meiri möguleikar. Aðeins er úthlutað einni viku til umsækjanda hverju sinni. Leiga á veturna skerðir ekki rétt eða möguleika félagsmanna til úthlutunar á sumrin eða um páska.

Félagsmenn sem fá úthlutað fá ákveðinn frest til að ganga frá greiðslu. Ef ekki er greitt innan þess tíma er orlofshúsinu/íbúð úthlutað aftur samkvæmt biðlistum. Félagsmaður sem fær ekki úthlutað því sem hann sótti um lendir sjálfkrafa á biðlista í ákveðinn tíma eftir að úthlutun er lokið. Þessi vinna við endurúthlutun getur tekið eina til tvær vikur.

Rétt er að minna á að vegna ofnæmis er ekki heimilt að vera með gæludýr í orlofshúsunum.

Ef ekki er þrifið nægilega vel að mati umsjónarmanns þarf að greiða þrifagjald. Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu því sem fylgir. Leigutaki skal þrífa m.a. gólf, eldavél, ofn, ísskáp, salerni, skápa og salerni. Leigutaki er ekki heimilt að framselja leigurétt sinn.

Brýnt er að gestir í orlofshúsunum loki útihurðum á meðan er verið að bera inn farangur vegna hættu á að mýsnar skjótist inn.

Ef eitthvað verður til þess að þú getir ekki nýtt þér úthlutun þá vinsamlega láttu vita strax. Það er hægt að gera með því að senda tölvupóst á baran@baran.is

Sumarið 2016

Útgefandi:

Báran, stéttarfélag

Ljósmyndir:

Forsíðumynd:

Báran, stéttarf.

Svignaskarð:

Efling.

Miðar í göng: Spölur.

Sumarúthlutun orlofshúsa

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins á Flúðum, Svignaskarði (skiptibústaður) og íbúð á Akureyri (Ásatún 12) til leigu sumarið 2016 fyrir félagsmenn sína. Umsóknarfrestur er til 1. apríl nk. og úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir 12. apríl nk.

Verð á vikudvöl í bústöðunum er 18.000-. Akureyri (20.000)
Leigutímabil frá föstudegi til föstudags. Öllum umsóknum verður svarað skriflega. Hægt er að sækja um í tölvupósti baran@baran.is eða í gegnum síma Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna 480-5000. Einnig má prenta og fylla út umsókn á heimasíðu félagsins og skila á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, Selfossi. Íbúð Sóltúni 28, Rvk verður í sveiganlegri leigu eins og hingað til.

Ný og glæsileg orlofsíbúð á Akureyri

Félagið hefur nýverið fest kaup á nýrri orlofsíbúð á Akureyri. Borið hafði á því að félagsmönnum þótti íbúð félagsins til margra ára að Furulundi 8 h heldur lítil. Stjórn félagsins brást leiftursnökkt við því og seldi og íbúðina með manni og mús (öllu innbúi). Í framhaldi var farið að skanna fast-eignamarkaðinn á Akureyri sem er nokkuð líflegur núna og niðurstaðan var sú að kaupa íbúðina að Ástatúni 12 Akureyri. Íbúðin er 117 fermetrar að stærð og glæsileg í alla staði. Það eru fjögur svefnherbergi og öll með tvíbreiðum rúmum. Íbúðin er mjög vel búin og í göngufæri við nýju Bónusverslunina. Vakin skal athygli á að ókeypis er fyrir farþega að ferðast með strætisvögnum Akureyrar. Kæru félagar til hamingju með nýju íbúðina og njótið vel.

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, formaður Bárunnar





Þverlág 2 og 4

Bústaðurinn er um 100 fm, 3 svefnherbergi eru í húsinu, 7 rúm og 1 barnarúm. Sængur og koddar eru fyrir 7 manns og borðbúnaður fyrir 8 manns. Aðrir hlutir: Sjónvarp, diskaspilari/útvarp, DVD spilari, ryksuga, barnastóll, örbylgjuofn, eldavél/bakaraofn, uppþvottavél, ísskápur með frystihólfi, ásamt öllum öðrum nauðsynlegum eldhústækjum, þvottavél er inni á baðherbergi, útibaðherbergi er ásamt sturtu ásamt gasgrill, slökkvitæki, eldvarnarteppi, reykskynjari og róluvöllur.

Leigan er, vikuleiga 18.000 fyrir félagsmenn. Yfir vetrartímann er helgarverð 12.000.

Gæludýr eru bönnuð í bústaðnum.

það sem þarf að taka með sér er; sængurfatnað, viskastykki og borðklúta.

Þverlág 2 og 4	
Fermetrar	100
Svefnherbergi	3
Svefnpláss	8
Svefnloft	Nei
Sængur og koddar	7
Heitur pottur	Já
Fjarlægt frá Selfossi	45

Svæðið

Flúðir er þéttbýliskjarni miðsvæðis í Hrunamannahreppi og þykir þar notalegt og fagurt. Litla-Laxá rennur í gegnum þorpið og mikill jarðhiti er á svæðinu. Ylrækt er mikil og er þar mesta svepparækt landsins. Einnig er nokkur annar iðnaður á staðnum og má nefna þar einu límtrésverksmiðju landsins. Afar fjölbreytt þjónusta er í boði fyrir ferðamenn, góð hótel, önnur fjölbreytt gisting og gott tjaldsvæði. Alls konar afþreying sem tengist jarðhita stendur til boða, og á Flúðum er góð sundlaug. Flestir ferðamenn ættu að finna hér eitthvað við sitt hæfi. Stutt er í veiði í ám og vötnum. Margir sögustaðir eru í grenndinni og má þar nefna kirkjustaðinn Hruna, en hann tengist sögunni „Dansinn í Hruna“, þegar kölski sjálfur kom nýjársnótt eina, þegar heimamenn sátu að svalli og dansi í kirkjunni, og kippt henni niður í undirdjúpin.

Nágrennið: 5 km. í þjónustu Flúðir. þar er góður golfvöllur og góð þjónusta. Fjölbreytt afþreying er í boði; sund, golf, hestaferðir, Útlaginn með lifandi tónlist og uppákomur, minjasafnið að Gröf, Gallerý Garðakúnst, fallegar gönguleiðir á fjöll og fell og stutt í þekktar náttúruperlur.

Ásatún 12. Akureyri

Ástún 12 er nýr valkostur hjá Bárunni stéttarfélagi. Íbúð Bárunnar í Furulundi var seld í vetur og keypt var rúmlega helmingi stærri íbúð í staðinn. Íbúðin er stórglæsileg, alls 117 fermetrar að stærð, stofa, eldhús, fjögur svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Húsbúnaður er fyrir 12 manns. Barnarúm er einnig og barnastóll. Gasgrill, útvarp, sjónvarp, þvottavél og þurrkari. Hreinlætisvörur eru í íbúðinni og áhöld til ræstinga.

Vikuleiga er kr. 20.000 fyrir félagsmenn og helgarleiga yfir vetrartímann er kr. 15.000. Gæludýr eru bönnuð í íbúðinni. Það þarf að taka með sér sængurfatnað, handklæði, viskastykki og borðklúta.

Svæðið: Akureyri iðar af mannlífi allan ársins hring. Bærinn er menningar- og skólabær sem byggir á traustum grunni. . Frá Akureyri er stutt í margar helstu náttúruperlur landsins og bærinn sjálfur er vinsæll áningastaður um lengri eða skemmri tíma. Akureyri er vinsæll ferðamannastaður og fjölmargir heimsækja bæinn ár hvert.

Nágrennið: Akureyri hefur upp á svo margt að bjóða. Hér fyrir neðan má sjá lista yfir fjölmarga hluti sem við mælum með að gestir skoði þegar þeir dvelja á Akureyri.

Lystigarðurinn - u.þ.b. 400 íslenskar plöntur auk rúmlega 7500 erlendra tegunda
Listasafnið og Listagilið
Sundlaug Akureyrar
Húni II - eikarbátur frá 1963 sem er staðsettur við Torfunesbryggju
Veitingahús - sem bjóða upp á mat úr héraði
Kjarnaskógur
Innbærinn - söfn, kirkja og byggingar
Jaðarsvöllur - nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi
Hrísey - perla Eyjafjarðar
Listasumar - er frá miðjum júní til lok ágúst
Brynjuís - í uppáhaldi heimamanna
Akureyrarkirkja
Hlíðarfjall

Ásatún 12, Akureyri	
Fermetrar	117
Svefnherbergi	4
Svefnpláss	8+2
Svefnloft	Nei
Sængur og koddar	10
Heitur pottur	Nei
Fjarlægt frá Selfossi	429

Svignaskarð

Húsið er um 78 fm. 8 manns geta gist í húsinu. Svefnherbergi eru þrjú, eitt hjónaherbergi, annað aðeins minna með hjónarúmi og svo herbergi með 1 ½ breidd og tveim kojum þar fyrir ofan. Eldhús, stofa og borðstofa er í sama rýminu og rúmgott baðherbergi þar sem útgengt er út á pallinn og í heita pottinn. Geymsla er með garðhúsgögnum og gasgrilli. Svefnpláss er fyrir átta. Sængur og koddar eru fyrir átta manns. Allur helsti útbúnaður fylgir þ.e. sjónvarp, útvarp, ísskápur, eldavél, örbylgjuofn og gasgrill. Einnig öll ræstiefni og áhöld. Vikuleiga er kr. 20.000 fyrir félagsmenn

heimasíða http://www.borgarbyggd.is/

Annað

Húsin tilheyra orlofsbyggð Svignaskarðs og er beygt út af þjóðveg 1 við Langavatn og þar niður í orlofshúsabyggðina. Fallegt er á þessu svæði og landið kjarri vaxið. Margt fallegt er hægt að skoða allt um kring og má þá nefna Langavatn, Baula við Bifröst og Hreðavatn en þar eru einstaklega fallegar gönguleiðir.

Um 1 klst. og 15 mín. tekur að keyra þangað frá Reykjavík en leiðin er um 107 km.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð Svignaskarðs.

Svignaskarð	
Fermetrar	78
Svefnherbergi	3
Sængur og koddar	8
Svefnpláss	8
Svefnloft	Nei
Sængur og koddar	8 - 9
Heitur pottur	Já
Fjarlægt frá Selfossi	107 km
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já
Gasgrill	Já

Sóltún 28. Reykjavík

Sjúkrasjóður Bárunnar á íbúð að Sóltúni 28 í Reykjavík fyrir skjólstæðinga sjóðsins. Íbúðin er fyrst og fremst hugsuð fyrir þá sem einhverra hluta vegna þurfa að dvelja lengri eða skemmri tíma í Reykjavík af heilsufarsástæðum, gott aðgengi er fyrir hjólastól í íbúðinni.

Íbúðin er 82 fermetrar að stærð, 2 svefnherbergi og bæði með tvíbreiðum rúmum ásamt barnarúmi, í stofunni er svefnsófi svo svefnpláss er fyrir 6, gasgrill í geymslu á neðstu hæð, borðbúnaður er fyrir 12 manns, í eldhúsinu er uppþvottavél, örbylgjuofn ásamt öllum nauðsynlegum eldhúsáhöldum.

Helgarleigan er 15.000 & vikuleiga 20.000 fyrir félagsmenn.

Gæludýr eru bönnuð í íbúðinni.

það sem þarf að taka með sér er; sængurfatnað, viskastykki og borðklúta.

Boðið er upp á að leigja sængurföt og handklæði fyrir 1.000 kr per mann, einnig bjóðum við upp á þrif eftir brottför, umsjón.is sér um þessa þjónustu í síma 581-1130. Þrifagjald er kr 7.000 (með fyrirvara um hækkun frá Umsjón ehf).

Sóltún

Fermetrar	82
Svefnherbergi	2
Sængur og koddar	8
Svefnpláss	6
Heitur pottur	Nei
Fjarlægt frá Selfossi	57 km
Sjónvarp	Já
Útvarp	Já





Miðar á Eddu- og Fosshótel

Báran stéttarfélag er með samning við Edduhótel og Fosshótel um afsláttarkjör fyrir félagsmenn. Hótelin gefa út gistimiða sem eru til sölu á Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna.

Edduhótelin eru opin yfir sumartímann og mörg Fosshótel eru opin allt árið. Félagsmenn geta komið á Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna og keypt afsláttarmiða á Fosshótel. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna í síma 480-5000.

Edduhótel 2016

Verð á gistimiða árið 2016 liggur ekki ennþá fyrir. Hver miði gildir fyrir tvo í gistingu í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt. Ekki er innifalin morgunverður.

Greiðslumiðana má nota á öllum Edduhótelunum sem eru 12 hringinn í kring um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Hótelin bjóða gistingu ýmist í herbergjum með handlaug eða með baði og sum hvorutveggja. Á Edduhótelunum er boðið upp á fjölbreyttar veitingar.

Sé gist í herbergi m/baði greiðist aukagjald kt. 8.500– á herbergi (2015 verð). Sé gist í herbergi m/baði á Hótel Eddu Plus greiðist aukagjald kr. 11.700,-. Eins má greiða fyrir uppfærslu með 2 stk miðum.

Sala gistimiða á Edduhótel hefst eftir

Fosshótel 2016

Verð á gistimiða er krónur 11.400,- yfir vetrartímann. Verð yfir *sumartímann (*júní, júlí og ágúst) *er krónur* 22.800 (tveir miðar). Miðinn gildir fyrir tveggja manna herbergi með baði, morgunverður innifalinn (tveir miðar í júní júlí og ágúst). Aukarúm kostar 6.100 krónur (1 barn undir 12 ára frítt í herbergi með foreldri/um).

Á Fosshótel Reykjavík og Fosshótel Jökulsárlóni þarf að greiða aukagjald bæði á veturna og sumrin 7000 kr. við komu á hótel. Sumsé vetur: 1 miði + 7000 kr og sumar 2 miðar + 7000 kr.

Bóka má beint á hótelunum í gegnum síma. Einnig er tekið við bókunum á aðalskrifstofu Fosshótela í síma 562 4000

Ekki er hægt að bóka í gegnum bókunarvél á heimasíðu. Nánari upplýsingar um

Veiðikortið

Njóttu þess að ferðast um landið og veiða í góðum vötnum vítt og breitt um landið. Aldrei hafa fleiri vatnasvæði verið i boði en fyrir komandi tímabil og munu korthafar geta veitt í 38 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 5.500 krónur og fylgir glæsileg handbók hverju seldu korti þar sem má finna leiðbeiningar og reglur. Kortin eru seld á afgreiðslu félagsins, Austurvegi 56. Selfossi.

Útilegukortið

Hvað er betra en að njóta sumarsins í fallegri náttúru Íslands. Í afgreiðslu Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna er útilegukortið selt á kostnaðarverði. Útilegukortið er í gildi eins lengi og tjaldsvæðin eru opin. Verð fyrir útilegukortið 2016 er krónur 13.000. Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins í allt að 28 gistinætur á hverju starfsári þess. Engin takmörk eru fyrir því hve oft má koma á hvert tjaldsvæði innan gistináttanna 28 en einungis má gista í fjórar nætur samfellt í hvert skipti. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

ÚTILEGU KORTIÐ 2016

Hvalfjarðargöng

Miðar í Hvalfjarðargöngin er á kostnaðarverði kr 635 stk. (sama verð pr. stk. ef keyptir eru 10 miðar hjá Speli). Fyrir ökutæki í I. gjaldflokki eru greiddar 200 krónur til viðbótar fyrir hverja ferð með aftanívagn. Viðbótargjald fyrir aftanívagn er greitt í gjaldskýlinu

Afsláttarskírteini VMS

Karl R. Guðmundsson, af vörum	10%
Lindin	5%
Pípulagnir Helga	10%
Prentmet	10%
Rakarast. Björns & Kjartans, vörur	10%
Rakarast. Björns & Kjartans, klipping	5%
Sjafnarblóm	10%
Slökkvitæki, af þjónustu	12%
Sportbær	10%
TRS, af vinnu á verkstæði	10%
Veiðisport	7%
Bókakaffið, af bókum	5%
Bókakaffið, af veitingum	10%
Fákasel, af veitingum, verslun og sýningum	10%
DoReMí	10%

Almennt miðast afsláttakjör við staðgreiðsluverð.

Ath. Afslættir gilda ekki með öðrum tilboðum.

Framvísa þarf skírteini.

BÁRAN STÉTTARFÉLAG

Verslunarmannafélag Suðurlands

FÉLAGS- OG AFSLÁTTARSKÍRTEINI 2016

Báran, stéttarfélag
Verslunarmannafélag Suðurlands
Austurvegi 56 · 800 Selfoss
Sími 480 5000 · Fax 480 5001
Skrifstofan er opin alla virka daga kl. 8 - 16
www.baran.is · www.vms.is

Félagsskírtein fyrir árið 2016 ættu nú að hafa borist í hendur félagsmanna. Skírteinið er með sama sniði og síðustu ár en á því koma meðal annars fram hvaða fyrirtæki veita félagsmönnum afslætti. Ástæða er til að þakka þessum fyrirtækjum þátttökuna og hvetjum við félagsmenn til að vera duglegir að nýta sér þá afslætti sem í boði eru. Það er líka ástæða til að hvetja félagsmenn og aðra að versla sem mest í heimabyggð. Það skapar bæði störf og framlegð sem ástæðulaust er að flytja til Reykjavíkur.



Styrkur þinn til náms

- Landsmennt er fræðslusjóður samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun beint til fyrirtækjanna sjálfra.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Landsmenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.landsmennt.is

Landsmennt

Þín leið til fræðslu

- Sveitamennt styrkir starfsmenntun beint til sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.sveitamennt.is

Sveitamennt

Menntun skapar tækifæri

- Ríkismennt styrkir starfsmenntun beint til stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar.
- Kynntu þér rétt þinn á www.rikismennt.is

Ríkismennt

Átt þú rétt á styrk ?

- Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfélaga
- Sjómennt styrkir starfsmenntun sjómanna beint til fyrirtækja í útgerð.
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna.
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sjómenntar
- Kynntu þér rétt þinn á www.sjomennt.is

Sjómennt

Skipholti 50 b, 3.hæð • 105 Reykjavík • Sími 599 1450 • landsmennt@landsmennt.is